

Ed.

62. Nefndarátt

um frv. til stjórnarskipunarlags um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands.

Frá meiri hluta stjórnarskrárnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið á eitt sátt í þessu máli. Hefir hún klofnað í tvent, og skilar hvor nefndarhluti sínu álit.

Aðalbreytingin frá gildandi stjórnarskrá, er felst í frv. þessu, er sú, að reglulegt Alþingi skuli háð aðeins annaðhvert ár og að fjárlög skuli samin til tveggja ára. Hefir því verið haldið fram, að af þessari breytingu mundi leiða allverulegan sparnað við þinghaldið.

Meiri hluti nefndarinnar litur svo á, að þótt með þessari breytingu kynni að nást einhver sparnaður, þá sje hann mjög vafasamur, því miklar líkur eru fyrir því, að aukaping yrðu haldin þau árin, sem reglulegt þing ekki kæmi saman. Á það bendir allgreinilega reynsla áráanna 1913—1920.

Ennfremur telur meiri hlutinn — og á það leggur hann aðaláherslu — svo mikið vandhæfi á að semja fjárlög til tveggja ára í senn, að það sje alls ekki hættulaust að taka upp aftur þá aðferð. Reynslan sýnir, að þótt fjárlög sjeu

samin aðeins til eins árs í senn, þá verða þau samt, í ýmsum greinum, nánast áætlun ein. Má því til sönnunar benda á, að fyrir þessu þingi liggja nú fjáruaukalög fyrir árið 1926, er nema nærfelt $1\frac{1}{2}$ miljón króna. Virðist auðsjeð, að miklum mun ver mundi takast, ef til tveggja ára ættu að gilda.

Verður — að dómi meiri hlutans — eigi sjeð, að neinar þær umbætur felist í lagafrv. þessu, er sjeu þess verðar, að þeirra vegna sje hróflað við stjórn-skipunarlögum ríkisins. Leggur því meiri hluti nefndarinnar til, að háttv. deild felli frv. þetta.

Alþingi, 26. janúar 1928.

Ingvar Pálmason,
form. og framsm.

Páll Hermannsson.

Erlingur Friðjónsson.